

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 178. fundur haldinn miðvikudaginn 1. september 2021 á Mývatni.

---

Auk fundar ráðsins sem haldinn var á Mývatni var deginum varið í heimsóknir í kirkjugarða á Norður og Norðaustulandi (sjá síðar). Gist var á Vopnafirði um kvöldið og daginn eftir haldið áfram heimsóknum og kirkjugarðar skoðaðir undir undir leiðsögn heimamanna. Flogið var frá Reykjavík til Akureyrar kl.7:10 og komið til baka til Reykjavíkur daginn eftir kl. 17.:40.

**Pátttakendur voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir lögfræðingur og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs en Sigurgeir Skúlason verkefnastjóri boðaði forföll.

### 1. Setning fundar

Fundur settur kl.12:00 og fundargerð síðasta fundar frestað.

### 2. Staðan varðandi framtíðar bálstofu og vinna við kostnaðarreikninga og greinargerð í tengslum við það mál.

Fulltrúar ráðsins í vinnuhópnum þeir Valtýr Valtýsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson og Þórsteinn Ragnarsson gerðu grein fyrir stöðunni. Þeir höfðu sent tölvupóst 7. júlí s.l. til ráðuneytisstjórans í dómsmálaráðuneytinu til að upplýsa ráðuneytið um að verkfræðistofan VSB undir forustu Stefáns B. Veturliðasonar væri að vinna kostnaðaráætlun fyrir bygginguna á grundvelli forteikninga A arkitekta. Samhliða og í framhaldi af vinnu verkfræðistofunnar mun HLH ráðgjöf vinna að gerð rekstrarlíkans fyrir bálstofuna. Áætlað er að í september liggi fyrir heildstæð greinargerð varðandi bálstofuna sem kirkjugarðaráð mun fara yfir áður en málið verður kynnt fyrir dómsmálaráðuneytinu.

### 3. Aðalfundur Kirkjugarðsambands Íslands 18. september n.k.

Þórsteinn Ragnarsson gerði grein fyrir aðalfundi Kirkjugarðasambandsins sem verður haldinn á Hótel Laugarbakka í Miðfirði 18. september n.k. og verður dagskrá fundarins fjölbreytt.

### 4. Ákvörðun á fundardögum og fundartíma í vetur.

Ákveðið var að hafa fundi að jafnaði annan fimmtudag í mánuði. Fundir verða sem hér segir: 18. október, 18. nóvember, 9. desember, 10. febrúar 2022, sem verður úthlutunarfundur, 10. mars, 7. apríl, 12. maí og 9. júní.

### 4. Önnur mál

Engin

Kirkjugarðarnir sem skoðaðir voru í ferðinni voru:  
Kirkjugarðar Akureyrar, Ljósavatn, kirkjugarðurinn Skútustöðum, kirkjugarðurinn  
Reykjahlíð, Hofskirkjugarður, Vopnafjarðarkirkjugarður, Sauðaneskirkjugarður,  
Þórshöfn, Skinnastaðakirkjugarður, og kirkjugarðarnir á Húsavík.

Fundi lauk kl. 13:30.

---

Ragnildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Guðmundur Rafn Sigurðsson,  
ritari